

Endurskoðendaráð

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2023.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 27. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn endurskoðendaráðs um frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun o.fl. (endurskoðunarnefndir, siðareglur, sektarákvæði o.fl.), 981. mál.

Helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða endurskoðunarnefndir og siðareglur endurskoðenda.

Endurskoðendaráð fagnar frumvarpinu og telur mikilvægt að þær breytingar sem þar eru lagðar til varðandi ákvæði laga um siðareglur endurskoðenda nái fram að ganga.

Þá fagnar endurskoðendaráð því að breyta eigi ákvæðum laga um endurskoðunarnefndir. Endurskoðendaráð bendir þó á að verði frumvarpsdrögin að lögum muni bæði ársreikningaskrá og endurskoðendaráð fara með eftirlit með endurskoðunarnefndum. Ársreikningaskrá fer með eftirlit með því að endurskoðunarnefndir starfi og séu rétt skipaðar. Endurskoðendaráði er hins vegar ætlað að hafa eftirlit með frammistöðu nefndanna. Endurskoðendaráð telur mikilvægt að ákvæði laga um verkaskiptingu eftirlitsaðila séu sem skýrust og að æskilegt sé að fyrir liggja hver verkaskipting eftirlitsaðila verði. Einnig er bent á að það torveldar eftirlit að hvergi er til skrá yfir þau fyrirtæki sem ber að skipa endurskoðunarnefnd.

Þá bendir endurskoðendaráð á að ráðinu er ætlað að meta frammistöðu endurskoðunarnefnda, en ekki er lagt til að lögfest verði nein úrræði sem endurskoðendaráð getur gripið til ef niðurstaða ráðsins er að frammistaða nefndanna sé ekki í samræmi við ákvæði laga. Einnig er bent á að engin ákvæði eru um það hvernig eftirlitinu skal háttáð eða hvað langt má líða á milli þess að frammistaða endurskoðunarnefnda sé metin.


Einnig bendir ráðið að ekki er gert ráð fyrir að ráðið fái frekara fjármagn til að sinna nýju hlutverki sínu varðandi endurskoðunarnefndir.

Endurskoðendaráð
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Í frumvarpinu er einnig lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum ákvæðum sem reynst hafa gölluð í framkvæmd. Telur endurskoðendaráð mjög mikilvægt að breytingarnar nái fram að ganga.

Að lokum vill endurskoðendaráð benda á að í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á 2. mgr. 48. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun er ástæða til að skoða hvort að ekki á jafnframt að leggja til breytingar á 3. mgr. 48. gr. Í 3. mgr. 48. gr. segir að „samhliða viðurlögum“ skv. 1. og 2. mgr., áminningu eða niðurfellingu réttinda, geti endurskoðendaráð lagt stjórnvaldssektir á endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki. Endurskoðendaráð leggur til að í stað orðanna „Samhliða viðurlögum skv. 1. og 2. mgr.“ komi orðið „Jafnframt“ eða „Þá“. Rökin fyrir breytingunni er að ráðið telur það mikilvægt að skýrt sé kveðið á um það í lögum að endurskoðendaráði sé heimilt að leggja á stjórnvaldssektir án þess að samhliða sé beitt áminningu eða tímabundinni eða varanlegri niðurfellingu réttinda.

Virðingarfyllst,
f.h. endurskoðendaráðs



Áslaug Árnadóttir,
formaður